

**Ed.**

**871. Frumvarp til framfærslulaga.**

(Eftir 3. umr. í Nd.).

**I. KAFLI**

**Um framfærsluskyldu.**

**1. gr.**

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur

hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til lækni- hjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveit- arstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

#### 2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

#### 3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

#### 4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helst sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það sóm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

#### 5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

#### 6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega foreldrar ekki verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

#### 7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess (sbr. þó 15. gr.).

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á framfærsluþurfi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar sem framfærsluþurfi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

Nú vill framfærslumaður taka á heimili sitt framfærsluþurfa eldri en 16 ára, er honum er skylt fram að færa samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, en framfærsluþurfi vill eigi samþykkja þá ráðstöfun, og má þá eigi flytja framfærsluþurfann þangað án samþykkis hans. Skal þá framfærslumanni gert að greiða meðlag með styrkþega, samkvæmt fyrirmælum 8. gr., ef næg rök liggja til undanfærslu framfærsluþurfa, en sé ella laus undan framfærsluskyldu; eigi má ákvarðað meðlag herra vera en sem nema mundi framfærslukostnaði styrkþega, ef hann dveldist á heimili framfærslumanns.

#### 8. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, ef hann eftir úrskurði yfirvalds er fær um að greiða meðlagið, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnu-málaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né um framfærslu þá, er getur í 11. gr.

#### 9. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.

#### 10. gr.

Nú er meðlagsúrskurður samkvæmt framansögðu löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lög-taki samkv. lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sinu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sinu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sinu.

Þó á fráskilin kona eigi kröfu á að fá greitt af heimilissveit sinni hærri upphæð en sem svarar meðalmeðlagi fyrir það eða þau börn hennar, er hún hefir á framfæri.

#### 11. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sífjalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómannalögum.

4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðnaðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfu á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

## II. KAFLI

### Um framfærslurétt.

#### 12. gr.

Sérhver islenskur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili. Þar er lögheimili manns, er hann hefir fast aðsetur og greiðir almenn gjöld.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

#### 13. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar er hann hefir tekið sér þar fast aðsetur. Á þetta jafnt við um þá, sem framfærslustyrks hafa notið, þótt eigi sé endurgreiddur, og aðra. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annari sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annari slíkri stofnun, vinnuhæli eða fanga-húsi. Meðan þeir dvelja þar eiga þeir framfærslurétt í þeirri sveit, er þeir áttu lögheimili í, þegar dvöl þeirra á stofnunum þessum hófst, en öðlast þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er þeir taka sér bólfestu í, að dvölinni lokinni.

#### 14. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 12. og 13. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í heimilissveit foreldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í heimilissveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefir, eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í heimilissveit föður síns, eða þeirri sveit, er hann átti síðast lögheimili í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í heimilissveit móður sinnar.

#### 15. gr.

Nú hefir lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur, og þar er gefið með því samkvæmt meðlagsúrskurði, eða sveitarstjórn hefir ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fóstur-

foreldri, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur, og fósturforeldrarnir vilja halda barninu, enda krefjast þeir ekki af sveitarstjórn hærri meðgjafar en meðalmeðlags.

Nú vill foreldri barns, sem ráðstafað hefir verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, taka barnið til sín, en fósturforeldrarnir vilja hafa það áfram, og þeir krefjast ekki meiri meðgjafar en meðalmeðlags, og skal þá barnaverndarráð úrskurða, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barn og foreldri eiga heima, hjá hvorum aðila barnið skuli dvelja. Áfrýja má úrskurði barnaverndarráðs til ráðherra.

#### 16. gr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hín rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur veittur samkv. þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

#### 17. gr.

Danskir rikishorgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenskir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenskan ríkisborgararétt.

#### 18. gr.

Maður, sem öðlzt hefir framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslensks ríkisfangs, enda hafi hann öðlzt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenskan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

#### 19. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

#### 20. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslensks ríkisborgara, og ráðherra álitur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er framfærsluþurfi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelur þar, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

21. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr rikissjóði. Sömuleiðis greiðist úr rikissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

III. KAFLI

Um styrk með börnum ekkna.

22. gr.

Þegar ekkja, sem rétt á til framfærslu hér á landi og börn hefir á framfæri sínu, eitt eða fleiri, á við þau kjör að búa, að hún, að dómi valdsmanns þar, sem hún á heima, er ekki einfær um að kosta framfærslu og uppeldi þeirra, á hún rétt á, að valdsmaðurinn úrskurði henni meðlag samkvæmt lögum þessum. Leita skal valdsmaður álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar þar, sem ekkjan á heima, og annara kunnugra, telji hann þess þörf, um hagi hennar, áður en úrskurður er upp kveðinn.

23. gr.

Kveða skal upp úrskurð um meðlag með hverju barni um sig, sem er innan 16 ára aldurs og á framfæri ekkjunnar. Þó skal valdsmaður ekki úrskurða meðlag með öllum börnunum, ef fleiri eru en eitt og hann telur, að meðlag með einu þeirra eða einhverjum muni nægja til þess að ekkjan geti kostað framfærslu allra barnanna. Sérhver úrskurður skal hljóða á nafn ákveðins barns, og séu ekki kveðnir upp úrskurðir með öllum börnunum, skulu úrskurðir hljóða á nafn hinna yngstu. Valdsmaður getur fjölgað úrskurðum og einnig fellt úrskurði úr gildi, ef honum þykir ástæða til, sökum breyttra ástæðna ekkjunnar. Neitun valdsmanns á að kveða upp úrskurð og niðurfelling úrskurðar má jafnan áfrýja til atvinnuáráðherra.

24. gr.

Upphæð meðlags samkvæmt hverjum meðlagsúrskurði skal vera jöfn meðalmeðlagi í þeirri sveit eða kaupstað, þar sem ekkjan á heimili.

25. gr.

Meðlög með börnum ekkna samkvæmt lögum þessum greiðast af heimilissveit ekkjunnar, á sama hátt og meðlög með óskilgetnum börnum. Þó er heimilissveit ekki skylt að inna af höndum greiðslu, sem ekki er krafizt fyrr en ár er liðið frá því að hún varð gjaldkræf. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lifsvottorð barnsins, sé þess óskað.

26. gr.

Nú giftist ekkja, sem meðlög fær með börnum sínum samkvæmt fyrir-mælum þessara laga, og falla þá meðlagsúrskurðirnir sjálfkrafa úr gildi.

#### IV. KAFLI

##### Um stjórn framfærslumála.

###### 27. gr.

Ráðherra hefir yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.

###### 28. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi.

###### 29. gr.

Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Heimilt skal formanni barnaverndarnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar. Nefndin kýs sér sjálf formann.

###### 30. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

###### 31. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða á skrifstofn nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal þá, svo fljótt sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirætlum nefndarinnar.

###### 32. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefir fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

33. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að framfærsluþurfi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar á sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu, eða sjúkrasamlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

34. gr.

Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að sjúkratryggja sig, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo bágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

35. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

36. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

## V. KAFLI

### Um tilhögun styrkveitinga.

37. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

38. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

39. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur þezt henta. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera svo útbúið, að dómi héraðslæknis,



að heilsu þeirra, er þar eiga að búa, stafi eigi hætta af. Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að framfærsluþurfar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé, og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og hér- aðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

#### 40. gr.

Nú þarf að ráðstafa framfærsluþurfa, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara á sjúkrahús, ef læknir álitur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu- eða at- vinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

#### 41. gr.

Nú þurfa foreldrar að leita framfærslustyrks vegna ómegðar sinnar, og má þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd koma börnum þeirra, svo mörgum sem þörf þykir, fyrir á góðum heimilum, hjá siðsömum og ráðdeildarsömum hús- bændum. Þó þarf samþykki foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í 42. gr.

Engu siður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlaus- um börnum, er sveitarstjórn annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

#### 42. gr.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi eða fara illa með þau, þá skal framfærslu- stjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan að- búnað og lögskipaða fræðslu og venjast algengri vinnu. Meðgjöf með slíkum börnum skal talinn framfærslustyrkur, veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgöldin.

#### 43. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 41. og 42. gr., skulu þær eigi fram- kvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveit- um hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillög- um þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

#### 44. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla framfærsluþurfa í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofan- greindra aðilja misbrestur á því vera, og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á sveitar- stjórn til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

45. gr.

Sveitarstjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir hennar umsjá, séu þannig upp alin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau hafa náð 16 ára aldri.

## VI. KAFLI

### Um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

46. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður valdi sveitarstjórnar að því leyti og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

47. gr.

Fyrir áfallinni framfærsluskuld getur sveitarstjórn beiðzt lögtaks eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

48. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar, er gengur fyrir öllum öðrum kröfum.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

49. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

#### 50. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi á þeim stað, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklyðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

#### 51. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

#### 52. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærslusveit þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt, að viðlögðu fangelsi samkvæmt 53. gr.

#### 53. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjúzku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknyttu eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fanga-  
viðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki

sitt til þess i hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lög-  
reglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af rikissjóði.

## VII. KAFLI

### Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslur framfærslustyrks.

#### 54. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

#### 55. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá að-  
stoð, sem nauðsynleg er til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun,  
sem þarf, eða hann komist heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin  
dvalarsveit þann kostnað að fullu.

#### 56. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveit-  
inni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir  
þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjár-  
nám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi  
stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan  
16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi,  
en því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáíð, og því foreldri, sem það er hjá,  
eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið  
að lögum.

Nú nægir eigi úrskurðað föðurmeðlag til þess að greiða kostnað við upp-  
eldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að  
veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

#### 57. gr.

Nú hefir einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til fram-  
færslugreiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og  
framfærslustjórn hefir þess vegna orðið að greiða þeim, sem réttinn hefir, fram-  
færslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til framfærsluþurfa,  
ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsömdu eða úrskurðuðu upphæð, heldur  
framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefir greiðslur.

#### 58. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau  
voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir ann-  
að og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða

skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefir dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns greitt úrskurðað barnsmeðlag samkvæmt ákvæðum þessara laga og sífjalaga, og skal þá heimilissveit barnsföður skylt að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk, veittan barnsföður.

Það sveitarfélag skal inna greiðsluna af hendi, þar sem barnsfaðirinn á lögheimili, þegar greiðslunnar er krafizt.

#### 59. gr.

Skylt er barnsföður að endurgreiða meðlag heimilissveit sinni eða þeirri sveit, er greitt hefir það fyrir hann til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Heimilt er sveitarstjórn að leggja löghald á kaup barnsföður eða aðrar tekjur hans til greiðslu slíkra meðlaga, og má hvort heldur er skylda húsbónda hans eða atvinnurekanda þann, er barnsfaðirinn starfar hjá, til þess að halda eftir hluta af mánaðarkaupi mannsins eða allri fúlgunni, er honum ber að greiða.

#### 60. gr.

Þegar dvalarsveit hefir greitt meðlag, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar senda kröfu um endurgreiðsluna til síns lögreglustjóra, sem gerir ráðstafanir til þess, að meðlagið verði innheimt hjá heimilissveit barnsföður. Kröfunni skal fylgja kvittun barnsmóður eða annars framfærslumanns fyrir greiðslunni, afrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins.

#### 61. gr.

Nú deyr barnsfaðir, er samkvæmt úrskurði yfirvalds átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, og fellur þá niður skylda heimilissveitar þeirrar, er hann síðast átti, til greiðslu meðlags með barni hans, en móðir barnsins eða framfærslumaður eiga rétt á, að heimilissveit þeirra greiði hið úrskurðaða barnsmeðlag, sem þá telst framfærslustyrkur veittur munaðarlausu barni.

#### 62. gr.

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður samkvæmt 61. gr., og fellur þá sjálfkrafa úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, nema svo sé ástatt, sem segir í 25. gr. 4. mgr. laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

#### 63. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri.

2. Greftrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirláttnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
  3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
  4. Meðlög, sem samkvæmt lögum þessum verða talin veitt munaðarlausum börnum.
  5. Meðlög með börnum ekkna, úrskurðuð af valdsmanni.
  6. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.
  7. Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri.
- Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

#### 64. gr.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd að gefa upp þeginn framfærslustyrk, þegar eitt ár er liðið frá því að styrkþurfa var síðast veittur framfærslustyrkur.

#### 65. gr.

Nú hefir framfærslunefnd eða hreppsnefnd ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit, með eða án meðgjafar um lengri eða skemmri tíma, og ber þeirri sveit, sem ráðstafaði dvöl hans, þá að annast framfærslu styrkþurfans meðan hann þarf á óslitnu sveitarframlagi að halda.

#### 66. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því hann fluttist til þess sveitarfélags, er hann á heima í, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar framfærsluþurfi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

#### 67. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit í þeim tilgangi að losa fyrrverandi heimilissveit hans við framfærslu styrkþegans, skal þeirri sveit skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk fyrstu 3 árin, sem styrkþegi dvelur í hinni nýju heimilissveit sinni.

Hið sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp hina tilskildu fyrstu 4 mánuði.

68. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvis að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags í því augnamiði að komast hjá að framfæra hann, og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit styrkþegans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit styrkþegans.

## VIII. KAFLI

### Um jöfnun framfærslukostnaðar.

69. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. marz næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til atvinnuáráðuneytisins skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra, um, hve margir karlar og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

70. gr.

Sýslumenn skulu fyrir 15. júnimánaðar ár hvert senda atvinnuáráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og tollstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

71. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipa í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kauptún þau, sem hafa yfir 500 íbúa og eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

72. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 70. gr., reiknar atvinnuáráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt, að miða að  $\frac{1}{3}$  hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að  $\frac{1}{3}$  hluta við skattskyldar tekjur, að  $\frac{1}{6}$  hluta við skuldlausar eignir og  $\frac{1}{6}$  hluta við fasteignamat.

#### 73. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr rikissjóði eins og hér segir:

1. Reykjavík greiðir meðaltalsframfærslukostnað í flokki kaupstaðanna og fær endurgreidda  $\frac{2}{3}$  hluta þess, sem fram yfir er.
2. Aðrir kaupstaðir og kauptún í þeim flokki greiða meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki, að frádregnum 10%, og fá endurgreidda  $\frac{2}{3}$  þess, sem þar verður fram yfir.
3. Sveitarfélög í öðrum jöfnunarflokki greiða meðaltalsframfærslugjald þess flokks, að frádregnum 10%, og fá endurgreidda  $\frac{2}{3}$  þess, sem þar er fram yfir.

Minni upphæð en 100 krónur greiðist þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Endurgreiðslur úr rikissjóði samkvæmt þessari grein skulu þó eigi fara fram úr 250 þús. krónum árlega, nema heimild komi til í fjárlögum. Hrökkvi sú upphæð ekki til þess að endurgreiða að fullu samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hér að framan, breytast reglurnar þannig, að við meðaltalsframfærslukostnaðinn bætist 5%. Nægi það enn ekki til þess að endurgreiðslan færist niður í hámark, skal bæta við meðaltalsframfærslukostnaðinn öðrum 5%, og svo áfram unz hámarkinu er náð.

#### 74. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 69. gr., ekki komnar til atvinnumálaráðuneytisins fyrir lok marzmanaðar, og skal þá fela sýslumanni eða bæjarfógeta í viðkomandi sýslu eða bæjarfélagi — í Reykjavík tollstjóra — að útvega þær tafarlaust, að viðlögðum dagsektum, ef nauðsyn þykir á vera.

#### 75. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga í fyrsta flokki eigi síðar en 1. júlí og í öðrum flokki eigi síðar en 1. október.

#### 76. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún vísvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá rikissjóði, missir viðkomandi sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu úr rikissjóði það ár, auk þeirrar hegningar, sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.



## IX. KAFLI

### Niðurlagsákvæði.

#### 77. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda, og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefir verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 65. gr. þessara laga.

#### 78. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á pósthönd til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslensks og dansks ráðherra.

#### 79. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936, og eru frá sama tíma úr gildi felld lög nr. 43 31. maí 1927, fátækralög, og lög nr. 68 23. júní 1932, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við þessi lög. Um alla þá, sem eru á sveitarframfæri við gildistöku laganna, koma ákvæði þeirra til framkvæmda þegar í stað.